

29. háskólaþing Háskóla Íslands

haldið 8. júní 2022

Dagskrá

- Kl. 13.00-13.05 Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum.
- Kl. 13.05-13.25 Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands.
- Kl. 13.25-13.35 Dagskrárliður 2. Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2022-30.6.2024.
Málsmeðferð:
a) Kynning á framboðum og fyrirkomulagi rafrænnar kosningar meðan á þinginu stendur (10 mín.).
- Kl. 13.35-14.05 Dagskrárliður 3. Stefna Háskóla Íslands 2021-2026. Í framhaldi af akkerisfundi 2022: Árangur HÍ26 og áframhaldandi sókn.
Málsmeðferð:
a) Kynning. Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar (15 mín.)
b) Umræður (15 mín.)
- Kl. 14.05-14.20 Kaffihlé (15 mín.)
- Kl. 14.20-15.10 Dagskrárliður 4. Þróun doktorsnáms og nýtt upplýsingakerfi rannsókna.
Málsmeðferð:
a) Kynning. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs (30 mín.)
b) Umræður (20 mín.)
- Kl. 15.10-15.20 Dagskrárliður 2 (frh.). Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2022-30.6.2024.
b) Niðurstaða kosningar (10 mín.)
- Kl. 15.20 Rektor slítur háskólaþingi

Kl. 13.00-13.05 Setning háskólaþings

Rektor setti háskólaþing og bauð þingfulltrúa velkomna. Greindi hann frá því að þetta væri 29. háskólaþing Háskóla Íslands, en fyrsta háskólaþing, sem þá hét háskólafundur, var haldið 4.-5. nóvember 1999 og var viðfangsefni þess að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Haldnir voru 25 háskólafundir, en árið 2008 var nafninu breytt í „háskólaþing“ og er þetta, eins og áður sagði, 29. þingið, eða ef allt er talið hið 54.

Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.


Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana Háskóla Íslands og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Tæplega 100 manns eru boðuð til þessa háskólaþings.

Fundargerð síðasta háskólaþings sem haldið var 11. nóvember sl. var send fulltrúum á háskólaþingi. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

Loks bað rektor Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, um að vera fundarritari.

Háskólaþingið var haldið með rafrænum hætti sökum COVID-19 veirufaraldursins.

Kl. 13.05-13.25 Dagskrárliður 1 Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands.





Uppbygging háskólasvæðisins

- Nú stendur yfir einhvert mesta uppbyggingskerfið í 111 ára sögu HÍ
- Hús íslenskunnar tekið í notkun á næsta ári – aðsetur íslenskunnar á Hugvísindasviði og Menntavísindasviði
- Lokahönnun húss heilbrigðisvísindanna hafin + endurhönnun Læknagarðs
- Kaupin á Sögu breyta leiknum – langbráður flutningur Menntavísindasviðs
- Gríðarleg aðstöðubót fyrir nemendur – nýir stúdentagarðar í Vatnsmýrinni og við Gamla Garð, stefnt að því að breyta Stepa í stúdentagarð, 113 stúdíóíbúðir í Sögu
- Noðurslóðasetur í undirbúningi
- Næst á dagskrá: VR-svæðið



Mikil Gróska í Vísindagörðum HÍ

- Bygging Alvotech II komin vel á veg
- Gróska komin í fulla nýtingu – suðupottur nýsköpunar, sprotafyrirtækja, klasa og fjölbreytts mannlífs
- Unnið að undirbúningi djúptæknikjarna
- Viðræður hafnar við fleiri þekkingarfyrirtæki



Skipulags- og samgöngumál

- Á vettvangi skipulagsnefndar í samstarfi við Reykjavíkurborg er áfram unnið að mótun framtíðarsýnar fyrir háskólasvæðið
- Fyrsti áfangi Borgarlínu mun liggja um háskólasvæðið – þrjú viðkomustær og brú yfir Fossvog
- Nýtt leiðarkerfi Strætó með tilkomu Borgarlínu kynnt á næstunni
- Nú eru um 4 komur straðfsvagna pr. klst. á Suðurgötu. Þegar strætókerfið verður uppbyggt með Borgarlínu verða þær um 26



Bílastæðamál

- Nú eru um 2.000 bílastæði á háskólasvæðinu
- Ætla má að um 5.000 - 6.000 nemendur og starfsfólk sé á svæðinu þegar mest er
- Þróun umferðar á Vatnsmýrarsvæðinu öllu er talin fara úr 24.000 ferðum 2018 í um 45.000 ferðir 2025 að óbreyttu



Bílastæðamál

- Bílastæðisjóður sér um gjaldtöku í Skeifenni og við Gimli
- HÍ hefur fengið heimild ráðherra til innheimtu gjalds fyrir stöðureiti
- Strætó hefur óskað eftir að flytja tímabundið endastöðvar fjögurra lína á malarstæði austan Aðalbyggingar
- Landspítali áformar að hefja gjaldtöku fyrir stöðureiti 1. sept. 2022
- Vísindagarðar hafa þegar hafð gjaldtöku á malarstæði við Grósku
- Einnig stefnt að gjaldtöku fyrir stæði í kjallara Grósku
- Reykjavíkurborg vinnur að markvisri áætlun um gjaldskyldu bílastæða – nú eru um 3.000 gjaldskyld svæði í borginni og fer þeim fjölgandi



Framtíðin

- Bílastæði verða í auknum mæli gjaldskyld
- Almenningssamgöngur verða raunhæfur valkostur með betra kerfi
- Efling innviða er hvati til vistvænni samgangna
 - Hjólaskýli
 - Búningsaðstaða
 - Dellibílar
 - Dellihjól/rafskútur
- Efling samgöngusamninga
- Aðlaðandi gönguleiðir og dvalarsvæði



Fram undan



Háskóli unga fólksins

13.-16. júní



Árfsfundur Háskóla Íslands 2020
JÓN ATLI BENEDEKTSSON, REKTOR

Árfsfundur HÍ

15. júní



Brautskráning í Laugardalshöll

25. júní



Kl. 13.25-13.35

Dagskrárliður 2

Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2022-30.6.2024.

Magnús Jökull Sigurjónsson, lögfræðingur á skrifstofu rektors og formaður kjörstjórnar, gerði grein fyrir forsendum og framkvæmd kosningarinnar.

Í 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 er kveðið á um skipan háskólaráðs í háskóla þar sem eru fleiri en 5.000 nemendur. Þar segir að auk rektors eigi sæti í ráðinu tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn, þ.e. þrjár fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólaþingi, tveir fulltrúar tilnefndir af stúdentum, tveir fulltrúar tilnefndir af nýsköpunar-, iðnaðar- og háskólaráðherra og þrjár fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Í 3. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er mælt fyrir um hvernig staðið skuli að tilnefningu og kjöri fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð. Tilnefning fulltrúanna þriggja og þriggja varamanna fyrir tímabilið 1. júlí 2022 til 30. júní 2024 fer fram á þessu háskólaþingi. Í samræmi við reglurnar var auglýst eftir ábendingum og framboðum um fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð á ytri og innri vef Háskólans þremur vikum fyrir þingið. Framboðsfrestur rann út 27. maí sl.

Alls bárust sex framboð sem uppfylla skilyrði 3. gr. reglnanna um að vera akademískir starfsmenn Háskóla Íslands í fullu starfi (í a.m.k. 75% starfshlutfalli), en þó hvorki forseti fræðasviðs, deildarforseti né varadeildarforseti. Gögn um starfsvettvang frambjóðenda og stutt lýsing á starfsferli þeirra voru send út með fundarboði fyrir þingið og gert er ráð fyrir að þingfulltrúar hafi kynnt sér þau.

Í framboði eru

- Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild á Félagsvísindasviði
- Arna Hauksdóttir, prófessor Læknadeild og forstöðumaður Miðstöðvar í Lýðheilsuvísindum
- Daníel Þór Ólason, prófessor við Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði
- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor við Mála- og menningardeild á Hugvísindasviði
- Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Silja Bára R. Ómarsdóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði

Atkvæðisbær eru:

- Rektor (1)
- Forsetar fræðasviða eða eftir atvikum staðgenglar þeirra (5)

- Deildarforsetar eða eftir atvikum varadeildarforsetar (26)
- Fulltrúar kjörnir af fræðasviðum (þeir eru samtals 15)
- Fulltrúi Félags háskólakennara (1)
- Fulltrúi Félags prófessora (1)
- Fulltrúar kjörnir af starfsmönnum við stjórnslu (2)
- Fulltrúar tilnefndir af stofnunum, einn fyrir hverja stofnun:
 - Endurmenntun Háskóla Íslands (1)
 - Landsbókasafn Íslands - háskólabókasafn (1)
 - Landspítali (1)
 - Raunvísindastofnun Háskólans (1)
 - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (1)
 - Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (1)
 - Þjóðminjasafn Íslands (1)

Stúdentar hafa ekki atkvæðisrétt í þessari kosningu, þar sem þeir kjósa sína tvo fulltrúa í háskólaráði í sérstakri kosningu. Með atkvæðisrétt fara því samtals 56 þingfulltrúar.

Kosningin fer þannig fram að farið er inn á sérstakan kosningavef þar sem er rafrænn kjörseðil. Atkvæðisbærir fulltrúar hafa fengið sendan tölvupóst með slóð á kosningavefinn.

Á kjörseðlinum eru nöfn frambjóðenda í stafrófsröð. Hver atkvæðisbær fulltrúi greiðir skriflega atkvæði sitt með því að merkja við nafn þriggja (og aðeins þriggja) frambjóðenda.

Þegar atkvæðisbærir fulltrúar hafa greitt atkvæði fara þeir út af kosningavefnum.

Kjörfundur stendur til kl. 14.50 en þá er kosningavefnum lokað.

Þegar atkvæði hafa verið talin skulu þeir þrír sem flest atkvæði hljóta tilnefndir sem fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráð. Áskilið er að þessir þrír séu starfandi á ólíkum fræðasviðum, þannig að ef meðal þeirra þriggja sem flest atkvæði fá í kosningunni eru tveir af sama fræðasviði færast sá þeirra sem er með færri atkvæði niður í fjórða sæti og verður varamaður þess sem flest atkvæði hlaut.

Þeir sem verða í 4.-6. sæti eru tilnefndir sem varamenn. Sá varamaður sem flest atkvæði hlýtur er varamaður fyrsta aðalmanns, annar er varamaður annars aðalmanns og þriðji er varamaður þess þriðja. Ef atkvæði eru jöfn í vali á milli manna skal hlutkesti ráða. Í lok þingsins kl. 15.10 verður niðurstaða kosningarinnar kunngjörð.

Loks spurði Magnús Jökull hvort einhver hefði athugasemdir við það verklag við kosninguna sem hér hefur verið lýst og var svo ekki. Lýsti Magnús Jökull kjörfund hafinn.

Kl. 13.35-14.05

Dagskrárliður 3

Stefna Háskóla Íslands 2021-2026. Í framhaldi af akkerisfundi 2022: Árangur HÍ26 og áframhaldandi sókn.

Steinunn Gestsdóttir gerði grein fyrir málinu.



Til umfjöllunar

Helstu breytingar á innleiðingu


Akkerisfundur 2022

- Mælaborð verkefnastofna
- Mælaborð fræðisviða
- Áherslur næsta árs

Ítarlegar kynningar á stefnunni og innleiðingunni ásamt fleiri gögnum á innri og ytri vef skólans

Innleiðing á fræðisviðum og miðlægir verkefnastofnar

500 m.kr. úr Aldarafmælingunni hafa verið eyrnamarkar innleiðingu stefunnar 2022 á fræðisviðum og vegna verkefnastofna Fjárfhagsáætlanagerð allra eininga tekur mið af stefnu skólans. Öll fræðisvið mótast stefnuáherslur til næstu ára. Innleiðing á vettvangi verkefnastofna og fræðisviða hefur tekið flugtíð.



Verkefnastofnar

Alþjóðlegt samstarf um kennslu	Mannauður, vinnustabætur og þróun stjórnunar	Notendamiðað þjónusta og stafræn umbylting stjórnsýsku	Samfélagsleg nýsköpun, framfarir og starfshefni nemenda	Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar
Sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans	Styrkjaökun, nýlögð í vinnu, opin vísindi og viðfarfi vísinda	Unggjörð, fjármögnun og gæði meistara- og doktorsnáms	Uppbygging rannsóknar- og kennsluviða og þróun háskóla-svæðisins í heild	Uppþýðingatalæni í kennslu, námsframbót og fjölbreyttar nemendahöfðingis

Tjá skýrur í Innleiðingardælu á UGLU - Háskólinn - Stefna Háskóla Íslands - Innleiðing HÍ26 <https://www.hi.is/vef/CmsContent.aspx?site=2852>

Stefnufulltrúar á fræðisviðum

HLUTVERK

- Stefnufulltrúar heyrna undir fræðisviðsforseta og starfa náið með stjórnendum og starfsfólki fræðisviðs
- Þeir aðstoða við og hafa yfirsýn við innleiðingu HÍ26, eru fulltrúar forsæta fræðisviða og aðstoða þá við að stjórna og þróa stefnumiðaða stjórnun
- Stefnufulltrúarnir fimm mynda teymi sem skiptast á upplýsingum og bestu áferðum við innleiðingu stefnu á fræðisviðum. Þeir eru í samstarfi við aðstoðarstjóra þróunar og miðlægt teymi stefnuinnleiðingar

STEFNUFULLTRÚAR

- Margrét Sigrún Sigurðardóttir, f.v. kennsluþróunarstjóri og dósent (FVS)
- Berggrós Guðmundsdóttir, verkefnastjóri mottöku klínískra rannsókna (HVS)
- María Gestsdóttir, verkefnastjóri doktorsnáms (HUG)
- Renata Emilsson Pesković, verkefnastjóri og aðjúnt (MVS)
- Íris Hrónn Guðjónsdóttir, innviðastjóri (VoN)


Rafrænt stefnubókhald DECIDEACT

DecideAct – rafrænt stefnubókhald mun bjóða mikilvægu hlutverki við að

- setja stefnufund umboðaverkefni í fókusi og stjórna við sölu þess
- veita stjórnendum reglulega upplýsingar og auðveldu útlýfing, hvort sem er á vettvangi yfirlýsingar, fræðisviða eða eininga
- tengja saman áætlunir og verkefni vegna verkefnastofna og stefnubúnaðar áætlunar fræðisviða
- mæla árangur innleiðingar
- forangraða fjármunum og skipuleggja starfið

Áætlunir fyrir verkefnastofna og stefnuverkefni fræðisviða fyrir árið 2022 hafa verið færðar í stefnubókhald og eru í þróun

Hvernig getum við séð stöðuna á verkefnastofnum? Rýnt í stefnubókhald



Stefnubókhald – dæmi um verkþætti

Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð
1.1.1.1	1.1.1.2	1.1.1.3	1.1.1.4	1.1.1.5	1.1.1.6

Stefnubókhald HÍ26 – dæmi um mælikvarða verkefna

Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð
1.1.1.1	1.1.1.2	1.1.1.3	1.1.1.4	1.1.1.5	1.1.1.6




Akkerisfundur 2022

- Haldinn árlega
- Yfir 100 stjórnendur og starfsmenn, ásamt fulltrúum stjórnanna
- Farið yfir stöðu innleiðingar verkefnastofna og á færðavörðum
- Áhersla á að læra hvert af öðru, fræðasvið kynntu "fyrirmyndaverkefni"
- Rætt hvað hefur gengið vel og hvað má gera betur
- Samráð um áherslur næsta árs

Mælaborð verkefnastofna – 7/6/2022



Mælaborð Fræðasviða – 7/6/2022



Mælaborð Fræðasviða - 7/6/2022




Samantekt á niðurstöðu samtals á Akkerisfundum

- Hvað hefur gengið vel á þessu fyrsta ári stefnuinleiðingar?
- Útanumhald stefnuinleiðingar, kynning til stjórnenda, verkefnastofna, stefnubókhald, stefnufulltrúa, vinna innan fræðasviða og almenn þátttaka
 - HÍ26 sem stjórnartæki, fjármagnadráttur breytingar og verkefnabókhald
 - Notendamiðað þjónusta, þróun kennsluhátta – rafræn kennsla, fjarnám, vandað framhaldsnám, innviðir rannsóknna




Fyrir næsta ár: Forgangsröðun stefnuáherslna





Fyrir næsta ár: Miklvægustu markmiðin til árangurs



Opinn og alþjóðlegur

BYGGINGARLEST STAFUR
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

ALÞJÓÐLEGNIS
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI OG FRAMGANG
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

STAFSGÆTTI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

Sjálfbærni og fjölbreytileiki

HEGÐING
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

Afli á grunni gæða

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

Góður vinnustaður

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

VIÐFARLEGGI
Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið.

Hvað getum við gert betur á næsta ári? Skilaboð til stjórnenda og stefnufulltrúa

KYNNING, SAMVINNA OG SAMTAL

- Stefnumolar, staða aðgerða, mælikvarða og árangur á Uglu fyrir alla
- Ónær vinnustofur þvert á deildir með þátttöku nemenda um ákveðin viðfangsefni stefnunnar
- Þverfræðilegir vinnuhópar og stefnumæðsla á ýmsum vettvangi
- Haldna ákveðin fund á hverju sviði
- Nú þegar til hins almennna starfsmanns, gefa tilu starfsfólki færi á þátttöku, útskýra
- Auka þátttöku nemenda og hafa þá með í ráðum
- Haldna kynningu og virku samtali áfram
- Markvisis kynningu inn í deildir og stuðningur við deildarforseta
- Auka samstarf milli sviða um ákveðnar aðgerðir
- Bæta samtali milli stjórnsýslu og fræðisviða
- Ónna leið til að koma með hugmyndir að nýjum aðgerðum

Hvað getum við gert betur á næsta ári? Skilaboð til stjórnenda og stefnufulltrúa

FRAMKVÆMD

- Einfalda og forspansaða
- Skráttar aðgerðir og ákveðin náð til deilda sem framkvæmd
- Auka fjarlægð til innleiðingar og stýða vel við framkvæmd
- Maka handbærni um stírnæna umhverfi
- Veita stuðning til að vinna að verkefnum tengdum stefnunni
- Sambæta við áætlunargætt og háust
- Leigja áherslu á starfsmannshæfni og vinnuhammið
- Sambæta við QEF
- Verðlema þátttöku og árangur
- Auka stuðning fræðisviða við stefnuáætlingar
- Nemendastjórn þjónusta veði undirfangsefni á öllum verkefnum
- Áhersla á stírnæna þróun
- Taka græn skref af áherslu og fests

Hvað get ég/mín eining gert til að stýða betur við framgang stefnunnar?

- Tala saman, miðla áfram, útskýra, virkja grásróina
- Byggja upp traust
- Tryggja sameiginlegt eignarhald á stefnunni
- Sambæta HÍ26 í alla vinnu, ákvarðanatöku og forgangsröðun
- Aðgerðir eininga stýðja við HÍ26, aðgerðaráætlun eininga með yfirsýn yfirstjórn
- Tengja gæðastærð við umbótaverkefni stefnu
- Tryggja að fólk hafi tíma í umbótastarf
- Koma hugmyndum á framfæri
- Skilvirkniáætla ferla markvisis
- Auka áherslu á nýja tækni og möguleika
- Auka áherslu á árangur
- Fagna reglulega saman, t.d. með vöflukaffi

Akkerisfundurinn er upphafið að frekara samtali

- Mikið af gögnum safnað fyrir fundinn sem eru aðgengileg á Uglu
- Gerð verður samantekt á niðurstöðum fundarinnar og gerð aðgengileg á Uglu
- Mikilvægt er að allir stjórnendur nýji þessi gögn við skipulagningu starfsins
- Niðurstöður Akkerisfundar verður nýttar til að forgangsráða fjárfunum og skipuleggja starfið fyrir 2023

Mælikvarðar HÍ26

Opinn og alþjóðlegur

- Þráttar þingur í efri deild
- Nemendur sem taka hlut sinn við efri deild
- Einföld, gagnleg og áskilgátur
- Með stuðningi nemenda á vinnuhammið

Sjálfbærni og fjölbreytileiki

- Fræðsla um sjálfbærni og fjölbreytileika
- Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið
- Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið
- Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið

Afli á grunni gæða

- Árangur stuðfólks með þátttöku nemenda
- Nemendastjórn á öllum vettvangi
- Þverfræðilegir hópar
- Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið
- Stærkt samstarfið milli starfsmanna og nemenda til að bæta upplifinguna og vinnuhammið

Góður vinnustaður

- Árangur í vinnu
- Árangur í vinnu
- Kynningu um stírnæna og vinnuhammið
- Árangur í vinnu
- Ónær þingur og vinnuhammið

Að framsögu lokinni gaf rektor orðið laust.

Rektor spurði um útfærslu árangursmælikvarða fyrir stefnuna og svaraði Steinunn því til að margir mælikvarðar liggja fyrir nú þegar, s.s. varðandi áhrifamátt birtinga, en aðrir séu í mótun, s.s. varðandi sjálfbærni og fjölbreytileika. Sama eigi við um nýja mælikvarða varðandi áhrif á samfélagið, fjárhagsleg áhrif háskóla og skyld efni. Stefnin sé að því að þetta verði allt unnið á þessu ári og sett fram á sérstöku mælaborði fyrir stjórnendur. Einnig þurfi að huga að fjölbreyttari möguleikum varðandi skráningu kyns. Loks þurfi að huga að alþjóðlegum matslistum sem eru í mikilli gerjun.

Deildarforseti Jarðvísindadeildar spurði um leiðbeiningu varðandi aðkomu hins almenna starfsmanns að stefnunni og um fjármögnun hennar. Steinunn sagði mikið magn gagna vera á innri vef skólans, þar á meðal nákvæmar leiðbeiningar um áhersluatriði stefunnar. Varðandi fjármögnun væri einkum um tvær leiðir að ræða, annars vegar verkefnastofna sem þegar eru verið fjármagnaðir og hins vegar verkefni sem fjármögnuð eru í gegnum starfsáætlanir fræðasviða.

Til máls tók undir þessum lið, auk Steinunnar Gestdóttur og rektors, Freysteinn Sigmundsson.

Kl. 14.05-14.20

Kaffihlé

Kl. 14.20-15.10

Dagskrárliður 2

Þróun doktorsnáms og nýtt upplýsingakerfi rannsókna.

Rektor bauð Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, aðstoðarrektor vísinda, og Halldóri Jónssyni, sviðsstjóra vísinda- og nýsköpunarsviðs, að taka til máls.

Þróun doktorsnáms við Háskóla Íslands

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir,
aðstoðarrektor vísinda
Háskólaþing 8. júní 2022

HÍ26

Litir	Svið	Allir 2021	Brautskráðir	Nýskráðir
	FVS	126	5	15
	HVS	181	16	29
	HUG	159	10	14
	MVS	79	6	12
	VON	227	37	52
	bvert	39	7	11
		811	81	133

Meðal markmiða HÍ26 varðandi doktorsnám

• Stuðla að jafnvægi í inntöku og brautskráningum með bættem stuðningi við framvindu, og hlúa að samskiptum nemenda og leiðbeinenda

HÍ26

Þú kemur VENTUR! Þú ert spurningur - þú ert aldur

www.menti.com Code: 2943 7854

1. Spurningar á háskólaþingi 2022 er varða þróun doktorsnáms (Fyrirsögn)
2. Eigum við að herða inntökuskilyrðin í doktorsnám? (Multiple Choice)
3. Ef „já“ með hvaða móti? (Opin spurning)
4. Ef „nei“, hvers vegna? (Opin spurning)

HÍ26

Meðal markmiða HÍ26 varðandi doktorsnám

- Fjölga styrkjum sem veittir eru samhliða inntöku í doktorsnám eða veittir eru til fjögurra ára

HÍ26

Net

Umsýsla styrkja

- Utanumhald um rannsóknaverkefni frá umsöknum til áhrifa:
- Umsókn → Styrkur → Verkefni
- Rannsóknaverkefni gerð sýnileg á ytri vef IRIS
- Betri yfirsýn yfir umsóknir sem sendar eru inn í nafni HÍ og árangur þeirra – öflugri stuðningur við leit að fjármögnun til verkefna
- Yfirsýn yfir rannsóknastyrki
- Sjálfvirkur innflutningur á umsóknum úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs – samstarf við Rannís

*Dæmi frá Lundi

Biobased hoses in industrialized construction

Rannsóknainnviðir og gagnasett

- Uppfyllir þarfir fyrir skráningu rannsóknainnviða HÍ (**equipment/facilities**) í samræmi við HÍ26
 - Mögulegt að sýna tengingar rannsóknainnviða við rannsóknaverkefni og rannsóknafurðir og tiltekna rannsakendur
- Býður jafnframt upp á skráningu á lýsigögnum gagnasetta (**datasets**) sem eru aðgengileg innan Háskólans

lýsing DOI

Ferilskrár rannsakenda


- Rannsakendur sem eru skráðir í PURE geta á einfaldan hátt sett upp eigin ferilskrá með aðstoð kerfisins og sníða að kröfum rannsóknasjóða

Researcher profile page

Rannsóknafurðir


- Mögulegt er að flytja inn skráningar úr helstu alþjóðlegu gagnagrunnum um birtingar og með **ORCID**
 - researchmap ORCID Scopus Web of Science*
- Allar upplýsingar sem skráðar eru í PURE og eiga erindi í **framtals starfa** verða fluttar sjálfvirk
- Meiri sjálfvirkni en í fyrri framtalskýrslu
- Hægt að skrá upplýsingar um afurðir um leið og þær hafa verið birtar, allt árið

Samspil IRIS og framtals starfa



Skýrslugerð

- Kerfið veitir möguleika á því að útbúa skýrslur og mælaborð með tölulegum upplýsingum úr kerfinu:
 - Birtingar og rannsóknafurðir
 - Fjöldi styrkja og upphæðir innan HÍ / fræðisviða / deilda
- Auðvelt að greina eftir fræðisviðum og deildum og jafnvel minni undireiningum
- Auðvelt að útbúa reglulegar stöðuskýrslur



Næstu skref

- Unnið hefur verið að innleiðingu IRIS sl. tvö ár en stefnt er að **opnun kerfisins í 15. júní nk.**
- Í haust hefst kennsla fyrir starfsfólk í stjórnýslyu sem sér um skráningar
- Kynningar fyrir **akademískt** starfsfólk og gerð kennsluefnis á vef
- Vinna við að tengja IRIS við heimasíðu HÍ
- Starfshópur um miðlunarmöguleika kerfisins (**MarkSam**)

Áskoranir

- Vekja áhuga **akademískra** starfsmanna á kerfinu og möguleikum þess
- Verkerlar sem tengjast skráningu í kerfinu eru ekki enn klárir
- Innleiðingin er mjög tímafrek og kallar á mikla sérþekkingu sk. super-users á notkun kerfisins og mikið samstarf á milli eininga HÍ
- Núverandi aðgangur HÍ gefur okkur ekki kost á að nýta kerfið til fulls
- Ekki ljóst hver leysir úr tæknilegum **örðugleikum** sem kunna að koma upp

Áhugaverðir hlekkir



- IRIS leiðbeiningar fyrir rannsakendur: <https://leidarvisar.is/iris>
- IRIS verklagsreglur fyrir bakendafólk: <https://leidarvisar.is/c.php?e=1187720&u=8785340>
- <https://www.elsevier.com/solutions/pure/pure-in-action>
- <https://pure.fo/en/>
- Netfang fyrir aðstoð innan HÍ: pure@hi.is

Að framsögu lokinni gaf rektor orðið laust.

Rektor spurði hvort unnt væri að tengja ritverkin sjálf við upplýsingakerfið og svaraði Halldór því játandi. Einnig spurði rektor Guðbjörgu Lindu hver séu næstu skref varðandi þróun doktorsnámsins og doktorsnámsstyrkja. Guðbjörg Linda sagði mikið velja á fjármögnunarmöguleikum. Einnig benti hún á að auk styrkja sem Háskóli Íslands veitir séu önnur kerfi í landinu, s.s. hjá Rannís, sem geri að verkum að Háskólinn þurfi áfram að taka við ófjármögnuðum doktorsnemum. Þegar horft sé til nágrannalandanna blasi við að flestir háskólar taka ekki við doktorsnemum nema námið sé fjármagnað. Þetta gildi raunar einnig um einstakar einingar innan Háskóla Íslands, s.s. Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Einnig þurfi að velja því fyrir sér hvort veita eigi t.d. fleiri styrki strax við inntöku. Á hinn bóginn beri til þess að líta að ef bætt er við styrkjum fyrir fjórða námsárið þurfi að svara því hvaðan taka skuli þá peninga og það kalli á að fækka styrkjynum. Fyrir liggir að Fedon, félag doktorsnema, er ekki hrifið af þeirri leið. Engu að síður þurfi að horfast í augu við þá staðreynd að fæstir doktorsnemar ljúka námi á þremur árum.

Forseti Hugvísindasviðs sagði það koma á óvart hve lítill munur væri á námsframvindu hvort sem um væri að ræða svokallaða A- eða B-leið. Einnig væri áhyggjuefni hvað margir doktorsnemar ljúki námi seint eða ekki. Guðbjörg Linda brást við og sagði það vera athugunarefni hvort í sumum tilvikum væri lagt upp með of stór doktorsverkefni. Einnig þyrfti að hafa í huga að hluti doktorsnemahópsins er skráður í 50% nám, en þeim er ekki haldið aðgreindum í skráningarkerfi skólans.

Deildarforseti Viðskiptafræðideildar spurði hvort væntanlegt IRIS-kerfi muni halda jafnt utan um innlendar og erlendar birtingar. Halldór Jónsson svaraði að byrjað væri að setja inn í kerfið þau gögn sem þegar eru tiltæk, s.s. í alþjóðlegum gagnagrunnum, en síðan myndi allt sem fer í IRIS fara inn í framtal starfa á sama hátt og allt sem fer í framtal starfa fer inn í IRIS. Þetta mun einnig gilda um t.d. íslenska bókarkafla, ráðstefnuframlög og annað framlag sem fer inn í framtal starfa – allt mun það enda í IRIS gaganagrunninum. Síðan geta akademískir starfsmenn bætt þar við efni, þ.m.t. efni sem á ekki við vegna framtalsins. Vitað er að sum fræðasvið og deildir munu vera með starfsfólk á sínum snærum til að aðstoða við þessa viðbótarskráningu.

Deildarforseti Mála- og menningardeildar sagði erfitt að leggja mat á árangur doktorsnema hér á landi nema hafa samanburð við það sem gerist t.d. í Evrópu, m.a. til að vita hversu algengt það sé í öðrum löndum að doktorsnemar ljúki námi á þremur árum. Guðbjörg Linda tók undir þetta og sagði t.d. Norðurlöndin fylgja ekki Bologna-viðmiðinu um þriggja ára doktorsnám heldur líti þau á það sem fjögurra eða fimm ára nám og eru með það fullfjármagnað. Einnig þurfi að yfirfara reglur Háskóla Íslands um doktorsnám, s.s. kröfur um fjölda greina í samsettum ritgerðum og hvort líta eigi á doktorsnám sem þriggja til fjögurra ára nám.

Deildarforseti Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar sagðist vera hugsi yfir birtingu rannsóknaprófila einstakra fræðimanna og mögulega misnotkun á slíkum gögnum. Halldór Jónsson sagði erfitt að útiloka misnotkun rannsóknagagna, s.s. í markaðslegum tilgangi, jafnvel þótt mögulegt sé að læsa aðganginum. Á hitt beri þó að líta að Háskóli Íslands er opinber stofnun sem er kostuð af almannafé og því eigi það að vera meginregla að rannsóknauplýsingar séu opnar.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og Halldórs Jónssonar, þau Ólöf Garðarsdóttir, Gylfi Magnússon, Geir Sigurðsson og Jónína Einarsdóttir.

Kl. 15.10-15.20

Dagskrárliður 2 (frh.).

Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2022-30.6.2024.

Magnús Jökull Sigurjónsson gerði f.h. kjörstjórnar grein fyrir niðurstöðu kosningarinnar.

Atkvæðisrétt höfðu 56 þingfulltrúar. Atkvæði greiddu 46 fulltrúar.

Flest atkvæði hlaut Ólafur Pétur Pálsson og verður hann því aðalmaður í háskólaráði.

Næstflest atkvæði hlaut Hólmfríður Garðarsdóttir og verður hún því aðalmaður í háskólaráði.

Þriðja í atkvæðagreiðslunni varð Silja Bára R. Ómarsdóttir og verður hún því aðalmaður í háskólaráði.

Jöfn í fjórða og fimmta sæti í atkvæðagreiðslunni urðu Arna Hauksdóttir og Daníel Þór Ólason og var því varpað hlutkesti um hvort þeirra yrði varamaður þess sem flest atkvæði hlaut og hvert yrði varamaður þess sem næstflest atkvæði hlaut. Var niðurstaðan sú að Daníel Þór Ólason verður varamaður fyrir Ólaf Pétur Pálsson og Arna Hauksdóttir verður varamaður fyrir Hólmfríði Garðarsdóttur.

Sjötta í atkvæðagreiðslunni varð Aðalheiður Jóhannsdóttir og verður hún því varamaður fyrir Silju Báru R. Ómarsdóttur.

Sagði formaður kjörstjórnar þá lokið kjöri fulltrúa og varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1. júlí 2022 til 30. júní 2024.

Fleira var ekki gert og þakkaði rektor öllum sem höfðu framsögu á þinginu og þeim sem tóku þátt í umræðum fyrir þeirra framlag og sleit háskólaþingi kl. 15.00.

Útsend gögn fyrir 29. háskólaþing 8. júní 2022:

1. Dagskrá og tímaáætlun þingsins.
2. Fundargerð 28. háskólaþings 11. nóvember 2021.
3. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.
4. Upplýsingar um frambjóðendur til setu í háskólaráði tímabilið 1.7.2022 – 30.6.2024.